

Staðlað mat á umfangi stuðningsparfa fullorðinna

Verklag

1. Markmið með Stöðluðu mati á umfangi stuðningsparfa

Ráðgjafar- og greiningarstöð annast framkvæmd Staðlaðs mats á umfangi stuðningsparfa fyrir fullorðið fatlað fólk. Notað er matskerfið Supports Intensity Scale Adult version (SIS-A) sem metur með samræmdum og hlutlægum hætti stig þess hagnýta stuðnings sem einstaklingar með fötlun þarfnast til að lifa sem eðlilegustu lífi með fullri þátttöku í samfélaginu. Matskerfið er gefið út af American Association on Intellectual and Development Disabilities (AAIDD). Sérfræðingar stofnunarinnar sáu um stöðlun á SIS-A matskerfinu.

Markmið með Stöðluðu mati á umfangi stuðningsparfa er að nýta niðurstöður til úthlutunar fjármagns frá Jöfnunarsjóði og til að gera einstaklingsbundnar áætlanir um stuðning til fatlaðrar manneskju frá sveitarfélagi (sbr. lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsparfir). Stöðluðu mati á umfangi stuðningsparfa er ætlað að tryggja markvissa og réttláta skiptingu þess fjármagns sem veitt er af hálfu ríkisins til þjónustu við fatlað fólk.

Hugtökin fötlun og fatlað fólk hafa í þessu samhengi sömu merkingu og í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsparfir þ.e.:

“Í lögum þessum hafa eftirfarandi hugtök svofellda merkingu:

Fötlun: Afleiðing skerðinga og hindrana af ýmsum toga sem verða til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Skerðingar hlutaðeigandi einstaklings eru langvarandi og hindranirnar til þess fallnar að viðkomandi verði mismunað vegna líkamlegrar, geðrænnar eða vitsmunalegrar skerðingar eða skertrar skynjunar.

Fatlað fólk: Fólk með langvarandi líkamlega, geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun sem verður fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra ef aðstoðar nýtur ekki við.“

Umsjónaraðilar málefna fatlaðra hjá sveitarfélögum skipa tengilið sem sér um samskipti við fagsvið um Staðlað mat á umfangi stuðningsparfa.

2. Umsókn um Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa

Tengiliður sveitarfélags sækir um fyrir hönd fatlaðra einstaklinga sem njóta búsetutengdrar þjónustu á vegum sveitarfélagsins **umfram** lögboðna grunnþjónustu sveitarfélaga samkv. 7. kafla 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Umsóknir skulu berast frá sveitarfélagi á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem tengiliðir fá sent. Umsókn þarf að fylgja undirritað upplýst samþykki þjónustunotanda þar sem hann samþykkir að undirgangast Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa vegna þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir ásamt því að veita Ráðgjafar- og greiningarstöð heimild til að afla upplýsinga frá aðilum heilbrigðis- og félagsþjónustu eftir því sem við á, til stuðnings við gerð matsins. Jafnframt samþykkir viðkomandi með undirritun sinni að niðurstaða matsins verði send Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (sem m.a. hefur það hlutverk að úthluta fjármunum á hlutlægan hátt til sérhæfðrar þjónustu sem byggir á stuðningsþörf), og þeim aðilum sem hafa veitt eða koma til með að veita þjónustu.

Umsóknum er skilað rafrænt í vefgátt. Tengiliður sveitarfélags sem hefur fengið úthlutað notendaaðgang, ber ábyrgð á rafrænum gagnasamskiptum. Tilkynna þarf um nýjar umsóknir í vefgátt á netfangið sis@rgr.is

Gögn skulu vera flokkuð og vistuð í möppu fyrir hvern og einn einstakling. Mappa merkt nafni eða kennitölu þjónustunotanda og í möppunni skulu vera öll gögn:

- Umsókn (á því eyðublaði sem er í gildi/merkt ártali). Umsókn skal vera með prenti, ekki handskrifuð. Fylla skal út í alla umbeðna reiti. Sé umsókn rituð af öðrum en tengilið skal hann yfirfara umsóknina og sjá til þess að umsóknin sé rétt úfyllt og að tengiliður sé fullviss og sammála um að umsóknin eigi erindi.
- Undirritað samþykki: undirritað af notanda sjálfum eða skipuðum talsmanni hans. Rafræn undirritun er gild.
- Greiningargögn sem gefa til kynna að um fötlun sé að ræða. Einnig er gott að styrkja umsókn með nýlegum gögnum sem gefa til kynna birtingarform og núverandi stöðu
- Grunnmat skal ekki vera eldra en 3 mánaða (uppfært grunnmat) og skal það alltaf hafa dagsetningu og undirritað af þeim starfsmanni sem framkvæmir matið.
- Önnur gögn sem talin eru mikilvæg fyrir umsóknina.

Ekki er tekið á móti umsókn fyrr en öll gögn hafa borist í möppuna.

Gögn eru tekin úr vefgátt 1x í mánuði, um mánaðamót og tengiliður fær upplýsingar um ferli umsóknar.

Þegar umsókn er móttækin fær hver þjónustunotandi auðkennisnúmer sem notað er til auðkenningar á viðkomandi og öllum gögnum sem honum tengjast. Tengiliður sér til þess að auðkennisnúmer sé vistað og notað til áframhaldandi samskipta.

3. Framkvæmd

Þegar fullnægjandi gögn hafa borist í vefgátt með umsókn þ.e. staðfest fötlunargreining liggur fyrir og upplýsingar um þjónustu í sveitarfélagi á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk er umsókn tekin til afgreiðslu.

Eftir að umsókn hefur verið samþykkt sér tengiliður í sveitarfélagi um að skipuleggja framkvæmd matsins. Matið skal framkvæma eins fljótt og unnt er eftir samþykkt umsóknar. Matið fer þannig fram að sérfræðingur í SIS-matskerfi kemur í heimabyggð þjónustunotanda og framkvæmir matið þar. Framkvæmd fer eftir meðfylgjandi tímaskipulagi þ.e. árinu er skipt niður í tímabil og gert er ráð fyrir að hvert svæði fái úthlutað tíma á neðangreindum tímabilum sé þess þörf.

Tímabil 1	Janúar
	Febrúar
	Mars
Tímabil 2	Apríl
	Maí
	Júní
	Ágúst
	September
Tímabil 3	Október
	Nóvember
	Desember

Svæði	Framkvæmd
Höfuðborgarsvæði	Jafnt og þétt öll tímabil
Suðurnes	Einu sinni á hverju tímabili
Vesturland	Einu sinni á hverju tímabili
Vestfirðir	Tímabil 2
Norðurland vestra	Tímabil 2
Norðurland eystra	Einu sinni á hverju tímabili
Austurland	Tímabil 2
Suðurland	Einu sinni á hverju tímabili

Matið fer þannig fram að sérfræðingur í SIS-matskerfi kemur í heimabyggð þjónustunotanda og framkvæmir matið þar með viðtali. Viðtöl skulu fara fram í húsnæði sveitarfélagsins.

Tengiliður velur þá sem best eru til þess fallnir að veita upplýsingar um stuðningsþarfir að höfðu samráði við þjónustunotanda og/eða talsmann hans.

Viðmælendur þurfa að minnsta kosti að vera tveir ásamt þjónustunotanda sjálfum ef hann velur að vera með í viðtalinu.

Að minnsta kosti einn starfsmaður þarf að hafa fagmenntun eða vera fulltrúi þeirra sem ber ábyrgð á þjónustu við notanda.

Viðmælendur þurfa að þekkja notandann vel og hafa umgengist hann reglulega. Gerð er krafa um að þessir aðilar hafi jafnframt tekið beinan þátt í daglegum viðfangsefnum viðkomandi a.m.k. undanfarna þrjá mánuði, þekkja til stuðningsþarfa á heimili, í tómstundum og á vinnustað. Einnig að þekkja til lyfjatöku, sjúkdóma og meðferð þeirra.

Ef þjónustunotendur eru ekki með í viðtali hittir sérfræðingur í SIS-matskerfi viðkomandi (fyrir eða eftir viðtal) á skrifstofu sveitarfélags eða á heimili hans ásamt starfsmanni eða persónulegum talsmanni.

Hvert matsviðtal tekur allt að tveimur klst.

Við úthlutun tíma þarf að láta vita strax ef sá tími gengur ekki svo hægt sé að úthluta öðrum. Gangi það ekki í annað sinn er beðið með úthlutun á tíma þar til fullvíst er að matið eigi að fara fram.

4. Skil á niðurstöðum

Að mati loknu er niðurstöðum skilað rafrænt í Landsgátt Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Jafnframt er niðurstöðum skilað með ópersónugreinanlegum hætti til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að niðurstöðum sé skilað innan 3 mánaða þ.e. þremur mánuðum eftir að mat fór fram.

Sveitarfélög/þjónustusvæði bera ábyrgð á því að einungis þeir starfsmenn þeirra sem nauðsynlega þurfa aðgang að persónuupplýsingum í gáttinni, starfa sinna vegna, hafi slíkan aðgang. Við verkefnabreytingar og/eða starfslok skulu sveitarfélög/þjónustusvæði óska eftir gera nauðsynlegar aðgangsbreytingar. Tryggja skal hæsta öryggisstig sem hægt er að ná með rafrænum auðkennum.

5. Hlutverk tengiliðs hjá sveitarfélagi

Tengiliður sveitarfélags útskýrir tilgang með fyrirhugaðri umsókn um Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa fyrir þjónustunotanda og/eða talsmanni hans.

Tengiliður undirbýr og skipuleggur framkvæmd og komu sérfræðings í samvinnu við þjónustunotanda eftir því sem við á.

Hann sér um að útbúa dagskrá þar sem tryggt er að sérfræðingur í SIS-matskerfi hitti þjónustunotanda, starfsmann og aðra þá sem notandi velur að hafa með sér í viðtali. Jafnframt að útvega viðtalsherbergi þar sem matsmaður getur framkvæmt viðtal í næði.

Tengiliður sveitarfélags ber ábyrgð á að skila niðurstöðum til hlutaðeigandi aðila í sínu sveitarfélagi.

6. Umsókn um endurmat á umfangi stuðningsþarfa

Hægt er að sækja um endurmat á umfangi stuðningsþarfa ef fyrir liggur rökstuðningur um umtalsverðar breytingar á stuðningsþörfum þjónustunotanda. Umsóknum skal skilað í vefgátt á sérstöku umsóknareyðublaði sem fyllt er út af tengilið hjá sveitarfélagi.

Umsókn er yfirfarin af sérfræðiteymi og tekin ákvörðun um hvort beiðni sé samþykkt eða hafnað. Sé umsókn hafnað skal þeirri niðurstöðu skilað skriflega til tengiliðs sveitarfélags.

Sérfræðiteymi um Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa fundar mánaðarlega til að fara yfir umsóknir.

Mælt er með að þjónustuveitendur/tengiliðir fylgist vel með breytingum sem kunna að verða á stuðningsþörfum. Huga þarf sérstaklega að hugsanlegum breytingum hjá þeim sem eru eldri en 55 ára og þeim sem eru yngri en 25. Samkvæmt skýrslu „Endurmat á stuðningsþörf“ (okt. 2015), er gert ráð fyrir að endurmat á stuðningsþörf einstaklings verði ekki sjaldnar en á 8–12 ára fresti.

Ef niðurstöður Staðlaðs mats á umfangi stuðningsþarfa eru að mati tengiliðs eða annarra hlutaðeigandi, ekki taldar endurspegla stuðningsþarfir þess er matið snýr að, skal upplýsa ábyrgðarmenn matsins um það og færa fyrir því skrifleg rök við fyrsta tækifæri. Sérfræðiteymi um Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa fer yfir rökin og metur hvort þörf sé á að endurtaka matið.

7. Eftirlit með gæðum

Eftirlit með gæðum er innbyggt í skipulagi og framkvæmd Staðlaðs mats á umfangi stuðningsþarfa og byggir á Interviewer Reliability and Qualification Review (IRQR) gæðamatskerfi AAIDD samtakanna.